

**651. fundur haldinn mánudaginn 3. nóvember 2003 kl. 11:30
Höfuðborgarstofu**

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélga
Dagur Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs.

Áður en gengið var til dagskrár kynnti Svanhildur Konráðsdóttir starfsemi Höfuðborgarstofu fyrir ráðsmönnum og sýndi alla aðstöðu í upplýsingamiðstöð.

1. Fundargerð 650. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Auglýsing um styrki til umhverfisverkefna

Eins og kom fram á síðasta fundi, þar sem samþykkt var breytt fyrirkomulag varðandi umhverfisstyrki, skyldi auglýsing vegna þess kynnt ráðinu áður en hún væri birt. Tillaga að þeirri auglýsingu var lögð fram.

Afgreiðsla: Samþykkt

3. Breytingar á samþykktum Ferðamálaráðs Norðurlanda (NT)

Vegna breytts fyrirkomulags í Noregi hafa Norðmenn lagt til að breytingar verði gerðar á samþykktum Ferðamálaráðs Norðurlanda og var tillaga þeirra lögð fram.

Afgreiðsla: Samþykkt

4. Önnur mál

a) Formaður gerði að tillögu sinni að ráðið óskaði eftir fundi með forsvarsmönnum Flugleiða þar sem ráðið fegni tækifæri til að kynna starfsemi fyrirtækisins og þeirra framtíðarhorfum. Steinn Lárusson tók að sér að kanna möguleika á því og stefnt yrði að fundi í lok nóvember.

b) Dreift var til ráðsmanna eintökum af nýjum Íslandsbæklingi ráðsins, sem gefin hefur verið út í 350.000 eintökum á 11 tungumálum.

c) Pétur Rafnsson lagði til að sérstaklega yrði hugað að efni ferðamálaráðstefnunnar á næsta ári með hliðsjón af 40 ára afmæli ráðsins á því ári.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 13:05.